



Framkvæmda- fréttir 23. tbl. /06



Mislæg gatnamót Hringvegjar og Nesbrautar (Suðurlandsvegjar og Vesturlandsvegjar) í byggingu 1. ágúst 2006. Verktaki er Eykt ehf. og Jarðvélur ehf.

Framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs

Jón Helgason forstöðumaður veghönnunardeildar Vegagerðarinnar hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs frá 1. september nk. Hann tekur við af Rögnvaldi Jónssyni. Umsóknir um starfið voru 16.



Jón Helgason

Jón Helgason er fæddur í Reykjavík 1945. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1965, lauk fyrrihlutaprófi í verkfræði frá Háskóla Íslands 1968 og prófi í byggingarverkfræði frá Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi 1972. Jón hóf störf hjá Vegagerðinni 1972.



Munið vinnustaðamerkingarnar

Verktakar og eftirlitsmenn athugið. Vegagerðinni berast stöðugt ábendingar um að vinnustaðamerkingum sé áfátt. Einnig að merki standi uppi eftir að verki er lokið eða þegar engin starfsemi er í gangi. Þar sem hámarks-
hraði er lækkaður vegna framkvæmda verður að setja upp merki þar sem takmörkuninni er aflétt þegar komið er út af vinnusvæði.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 23. tbl. 14. árg. nr. 444 8. ágúst 2006

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.
Áskrift er endurgjaldslaus.



Upplýsingaspjöld fyrir bílaleigubíla

Útbúin hafa verið upplýsingaspjöld vegna séríslenskra umferðarmerkja sem sérstaklega eru ætluð bílaleigum. Kynnt eru merkin „malbik endar“ „einbreið brú“ „blindhæð“ og fleiri tákn sem ekki eru almennt notuð í Evrópu. Spjaldið er á ensku, frönsku og þýsku. Því er komið fyrir á stýri bílaleigubíla sem bíða eftir næsta leigutaka þannig að það blasir við þeim sem sest undir stýri.

Spjaldið er gefið út í tveimur mismunandi útgáfum þar sem bakhliðin er mismunandi fyrir fólksbíla og fjórhjóladrifsbíla.

Bakhliðin sýnir Íslandskort með tilmælum frá bílaleigum um hvar á hálendinu sé ekki æskilegt að aka fólksbílum annarsvegar og venjulegum jeppum hinsvegar.

Það er Sjóvá, Samtök ferðaþjónustunnar SAF og Vegagerðin sem standa að útgáfu spjaldsins. Stærstu bílaleigufyrirtækin eiga að hafa fengi spjöldin send frá Sjóvá en minni fyrirtæki geta nálgast þau hjá Vegagerðinni.



Úttektarmæling við Prestbakka í Hrótafirði. Jón Rafn Oddsson til vinstri og Björn Halldórsson til hægri að mæla yfirborð vegarins, en Gunnar Sigurgeirsson skráir niðurstöður beint í fartölvu.



Fartölvan er orðin straumlaus þannig að Björn er kominn með rafgeymi í bakpoka svo hægt sé að skrá síðustu tölurnar. Jón Rafn og Björn eru sumarstarfsmenn við mælingar á Ísafirði og Gunnar Sigurgeirsson eftirlitsmaður starfar einnig á Ísafirði.



Tungnaá við Sigöldu

Hugi Jóhannesson brúasmiður færði okkur þessar myndir af byggingu brúar yfir Tungnaá við Sigöldu sumarið 1968. Vegagerðin byggði brúna fyrir Landsvirkjun og stjórnaði Hugi verkinu. Brúin var byggð vegna framkvæmda við Búrfellsvirkjun sem þá voru í gangi.



Niðurstöður útboða

Vetrarþjónusta, Akureyri – Ólafsfjörður 2006-2009

06-064

Tilboð opnuð 1. ágúst 2006. Snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á eftirfarandi leiðum milli Akureyrar og Ólafsfjarðar:

Hringvegur (1)
Ólafsfjarðarvegur (82)
Skíðadalsvegur (807)
Svarfaðardalsvegur (805)
Tunguvegur (806)
Hjalteyrarvegur (811)
Hauganesvegur (809)
Árskógsvegur (808)

Helstu magntölur (miðast við eitt ár) eru:

Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn . . . 42.500 km

Akstur eftirlitsbíla 19.000 km

Verktími er frá 1. október 2006 til og með 30. apríl 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4	Malbikun KM og Steypustöðin Dalvík	21.584.880	105,2	3.750
3	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	21.533.780	105,0	3.698
---	Áætlaður verktakakostnaður	20.515.620	100,0	2.680
2	Túnþökusala Kristins ehf. Akureyri	20.171.860	98,3	2.336
1	Icefox ehf., Höfn II	17.835.372	86,9	0

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð

Auglýst:
dagur, mánuður, ár

Á fundi rákisstjórnarinnar þann 27. júní var ákveðið að fresta útboðum og upphafi nýrra framkvæmda á vegum ríkisins. Sú aðgerð er tímabundin en ótímasett. Í samræmi við þessa ákvörðun ber Vegagerðinni að fresta nú þegar öllum fyrirhuguðum útboðum á framkvæmdaverkefnum (nýframkvæmdum).

Þar sem nýjar tímasetningar á útboðum liggja ekki fyrir er listi yfir fyrirhuguð útboð Vegagerðarinnar birtur hér óbreyttur en án tímasetningar.

06-065 Hríseyjarferja 2007-2011

06-048	Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði
06-031	Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata
06-030	Útnesvegur (574), Háahraun - Hella
06-029	Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur
06-027	Snæfellsnesvegur (54) um Hítará
06-028	Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur
06-026	Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir
06-024	Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná
06-025	Hólavegur (767), Hólar - Hólalax
06-023	Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733)
06-022	Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls
06-017	Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn
06-015	Ferjubakkavegur (530) um Gufá
06-010	Mölbúður og styrkingar Norðaustursvæði

Fyrirhuguð útboð frh.

Auglýst:

06-004	Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið
06-005	Hringvegur (1) um Vatnsdalsá
06-006	Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell
06-007	Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss
05-047	Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2

Útboð á samningaborði

Auglýst: Opnað:

06-064	Vetrarþjónusta, Akureyri - Ólafsfjörður 2006-2009	17.07.06	01.08.06
06-033	Efnisvinnsla á Norðvestursvæði, vesturhluti, 2006-2007	26.06.06	11.07.06
05-038	Garðskagavegur (45) um Sandgerði	26.06.06	11.07.06
06-020	Heggstaðanesvegur (702), Bessastaðir - Sandar	19.06.06	04.07.06
06-018	Víðidalvegur (715), Hrappsstaðavegur - Dæli	12.06.06	27.06.06
06-057	Pverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá	06.06.06	27.06.06
06-037	Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009	15.05.06	30.05.06
05-064	Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	20.02.06	07.03.06

Samningum lokið

Opnað: Samið:

04-072	Garðskagavegur (45) um Ósabatna Afrek ehf.	30.05.06	27.07.06
--------	--	----------	----------

Útboð fellt niður

06-011	Vetrarþjónusta Norðaustursvæði
--------	--------------------------------



Umferð um Kjalveg er vaxandi og hefur það verið svo síðan allar ár á leiðinni voru brúaðar. Það kallar á auknið viðhald en það er ekki auðvelt verkefni því slóðin er niðurgrafin og efnisrýr. Þessi mynd er tekin 29. júlí sl. Hefilstjórar Vegagerðarinnar hafa tekið sér hádegishlé frá því að slétta veginn fyrir mestu ferðahelgi ársins.